

HAFNARFJÖRDUR

Hvaleyrarvöllur Hafnarfirði

Fornleifaskráning vegna framkvæmdaleyfis



Heiðrún Eva Konráðsdóttir sagnfræðingur

Byggðasafn Hafnarfjarðar 2019

Fornleifaskráning

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.	2
Aðferð við skráningu	3
Skráningarsvæðið	3
Saga	4
Fornleifaskráning.....	5
Niðurstöður	22
Kort af fornleifum	23
Kort af fornleifum á svæðinu ásamt fyrirhugðu framkvæmdasvæði.	23
Punktaskrá	24
Heimildaskrá.....	25
Prentaðar heimildir	25
Aðrar heimildir	25

Inngangur

Fornleifaskráning vegna framkvæmdaleyfis á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði, var unnin í mars og apríl 2019. Fornleifaskráningin var gerð að beiðni Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar vegna umsóknar Golfklúbbsins Keilis um framkvæmdarleyfi á Hvaleyrarvelli.

Fornleifaskráning hefur áður verið gerð fyrir svæði; *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness Hafnarfirði 2005* eftir Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafræðing. Er hún notuð til grundvallar í þessari fornleifaskráningu.

Friðlýstar minjar á svæðinu ásamt nokkrum nærliggjandi minjum voru mældar upp af Ragnheiði Traustadóttur árið 2016, sjá Minjavefsjá Minjastofnunnar Íslands;

<https://www.map.is/minjastofnun/>.

Árið 2005 rannsakaði Bjarni F. Einarsson túngarð, götu og kolagröf vegna framkvæmda á Hvaleyri; *Hvaleyri. Fornleifar nr.9:20 og 9:64 á Hvaleyri í Hafnarfirði. Skýrsla um fornleifarannsókn á kolagröf, túngarði og götu í desember 2005*. Samkvæmt niðurstöðum C-14 aldursgreiningar telur Bjarni að kolagröfin sé frá árabílinu 780-980. Bjarni telur að kolagröfin hafi verið nálægt bæ en ekki sé hægt að segja til um hvar sá bær hefur staðið án frekari rannsókna. Hann segir enn fremur: „Eitt er víst, Hvaleyri og næsta nágrenni geymir gríðarlega mikið af minjum frá ýmsum tímum, svo sem leifum kotbýla, sjóbúða, skipssáturs, verslunarstaðar, vatnsbóls(bóla), lögbýlis, kirkju og kirkjugarð lögbýlisins, stríðsminja sem verða fornleifar eftir nokkra áratugi og hellaristur auk leifa úti- og skepnuhúsa. Með þetta í huga ættu allar framkvæmdir á Hvaleyri að vera undir eftirliti fornleifafræðings.“

Til er svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði sem var gerð af Fornleifastofnun Íslands 1998: *Fornleifaskráning í Hafnarfirði I*. Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands FS065-98-12. Reykjavík 1998.

Heiðrún Eva Konráðsdóttir gekk svæðið og mældi upp minjar í mars 2019 ásamt Rósu Karen Borgþórsdóttur.

Kort af fornleifunum vann Elsa Guðmunda Jónsdóttir landfræðingur á Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Í skýrslu þessari eru einnig skráðar stríðsminjar á svæðinu, þó svo að þær séu ekki orðnar friðaðar fornleifar sökum aldurs hefur Hafnarfjarðarbær myndað sér þá stefnu að standa vörð um allar stríðsminjar í landi bæjarins.

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra. Samkvæmt lögum um menningarminjar frá árinu 2012, sem tóku gildi 1. janúar 2013 eru allar fornleifar friðaðar og sumar þeirra friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar fornleifar á framkvæmdasvæðinu sem og annarsstaðar, þ.e. þær minjar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Ennfremur segir í lögnum:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greiftnarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.¹

Ef mínjar koma í ljós við hugsanlegar framkvæmdir á svæðinu ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða nánar um mótvægisáðgerðir. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja af einhverjum ástæðum þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið af ýmsum toga allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Fer umfang rannsóknanna gjarnan eftir aldri fornleifanna og tegund þeirra. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Í nágrenni við framkvæmdarsvæðið eru mínjar frá stríðsárunum sem ekki teljast til fornleifa en Hafnarfjarðarbær hefur gefið út að bærinn skuli standa vörð um og varðveita allar slíkar mínjar.

Aðferð við skráningu

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögu. Þá eru skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um mínjar. Þá er rætt við staðkunnuga, ef hægt er að koma því við. Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða og skrá hvar mínjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum.

Í þessari skýrslu er notast við fornleifaskrá Katrínar Gunnarsdóttur *Fornleifaskráning í landi Hvaleyra og Grísaness Hafnarfirði* frá árinu 2005 sem nær yfir framkvæmdasvæðið. Allar mínjar í þessari skýrslu að einni undanskilinni (2022-27) eru í skráðar í skýrslu Katrínar. Svæðið var gengið og mínjarnar mældar upp og ljósmyndir teknar. Við vettvangsathugun fannst eitt skotbyrgi frá stríðsárunum sem ekki hafði verið skráð í skýrslu Katrínar. Svæðið hefur tekið töluverðum breytingum frá því að skýrsla Katrínar var gerð og því ekki unnt að setja nýja punkta fyrir nokkrar mínjar sem horfnar eru, í þeim tilvikum er notast við punkta úr skrá Katrínar.

Heiðrún Eva Konráðsdóttir hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar gekk svæðið í mars 2019 ásamt Rósu Karen Borgþórsdóttur. Um samantekt skýrslu sá Heiðrún Eva Konráðsdóttir.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir vestasta hluta golfvallarins á Hvaleyri; fyrirhugað framkvæmdasvæði og næsta nágrenni þess. Yfirlitskort af framkvæmdasvæðinu er að finna í fylgiskjali 1 og 2.

¹ Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis.

Saga

Þar sem svæðið sem hér er skráð er aðeins lítið brot af hinni fornu Hvaleyrarjörð er stiklað á stóru í sögu svæðisins. Samantektin er að hluta unnin upp úr skýrslu Katrínar Gunnarsdóttur frá árinu 2005 *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness Hafnarfirði*.

Elstu heimildir um Hvaleyri er í Hauksbók Landnámu er Hrafna-Flóki Vilgerðarson fann hval rekinn á eyrinni og nefndi hana því Hvaleyri. Í Landnámu er þess einnig getið að Ásbjörn Össurarson bróðursonur Ingólfs Arnarssonar hafi numið land milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns, ásamt öllu Álftanesi.²

Árið 1395 var Hvaleyri í eigu Viðeyjarklausturs og leigan til klaustursins var 4 hndr.³ Árið 1448 var getið um kirkju á Hvaleyri⁴ svo er lítið um heimildir um Hvaleyri þar til í byrjun 18. aldar. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703 var getið um hálfkirkju á Hvaleyri og að þar hafi verið þjónað þrisvar sinnum á ári, kirkjan var á þeim tíma hálfkirkja frá Görðum á Álftanesi og jörðin var konungseign. Í Jarðabókinni er að finna greinagóða lýsingu á Hvaleyri þar sem sagt er frá búsetuháttum, landgæðum og hjáleigum. Ábúandi jarðarinnar árið 1703 var Ormur Jónsson, leigukúgildi eru þrjú, landskuld eitt hundrað og heimilismenn eru sex talsins. Túnin spilltust reglulega af sandgangi og engar voru engjar. Vatnsból var ekki gott og gat þrotið hvenær sem var árs.⁵ Á árunum 1754-1757 bjó enginn á Hvaleyri og er það sjálfsagt ein aðal ástæða þess að bæjarhús og tún spilltust. Árið 1815 er jörðin seld á uppboði og þar með fer hún úr konungseigu, kaupandi var Bjarni Sívertsen. Árið 1834 keypti Jón Illugason snikkari jörðina af dánarbúi Bjarna. Jón Illugason seldi jörðina Jóni Hjartarsyni í Miðengi í Arnessýslu. Við andlát Jóns tók ekkja hans Þórunn Sveinsdóttir við Hvaleyri, árið 1868 gaf hún Sigríði Jónsdóttur frændkonu mans síns mestan hluta jarðarinnar. Sigríður giftist síðar Bjarna Steingrímssyni hreppstjóra á Hliði. Jörðin var seld síra Þórarni Böðvarssyni árið 1870. Síra Þórarinn og kona hans gáfu hluta af jörðinni til stofnunar alþýðu- og gagnfræðaskóla Flensborg í Hafnarfirði árið 1887.⁶

Í Jarðabók frá árinu 1803 eru nefndar fjórar hjáleigur á Hvaleyri, það eru; Bindindi, Lönd, Lásastaðir og Ásgautsstaðir.⁷

Í *Sögu Hafnarfjarðar* frá árinu 1933, segir m.a. að á Hvaleyri hafi verið kirkja í kaþólskum sið en eigi var kunnugt hvenær hún hafi verið reist fyrst. Þessi kirkja hefur verið graftarkirkja því enn sást fyrir kirkjugarði í túni heimajarðarinnar á Hvaleyri.⁸ Hvaleyrarkirkju er fyrst getið 1444-1481 en hugsanlega gæti hún verið mun eldri. Aðeins eru varðveittar tvær lýsingar á Hvaleyrarkirkju og gripum hennar í þeirri eldri sem er frá árunum 1625-1634 var kirkjan sögð í fjórum stafgólfum sem þýðir að hún var á bilinu 5,7-6,8 m að lengd og 2,85-3,4 m að breidd.⁹

Guðmundur Guðmundsson smiður sem bjó í Vesturkoti á Hvaleyri fann heila mannsbeinagrind með föður sínum er hann var unglingspiltur. Þar fannst einnig krítarpípa, greiðugarður, spónn úr tini og ryðguð hnífbredda. Beinín voru grafin aftur ofar í túninu.¹⁰ Um 1925 fundust aftur mannabein á Hvaleyri af Magnúsi Benjamínssyni bónda í Hjörtskoti á Hvaleyri. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður rannsakaði beinin og taldi sennilegt að þetta væru bein sjórekinnna manna sem fundist hefðu á Hvaleyri. Matthías taldi ekki þurft að varðveita beinin á Þjóðminjasafninu, en þau voru grafin í kirkjugarð Hafnarfjarðar.¹¹

Árið 1940 kom breski herinn til landsins og reisti kampa víða í Hafnarfirði, einn þeirra var við

² Hauksbók Landnámu.

³ *Íslenskt Fornbréfastafn III*. Bls. 597

⁴ *Íslenskt Fornbréfastafn IV*. Bls. 751

⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók III*. Kaupmannahöfn 1923-1924. Bls. 168-170.

⁶ Sigurður Skúlason: *Saga Hafnarfjarðar*. Reykjavík 1933. Bls. 35-37 og 42-44.

⁷ J. Johnson. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1803. Bls. 91.

⁸ Sigurður Skúlason: *Saga Hafnarfjarðar*. Reykjavík 1933. Bls. 23.

⁹ Gunnlaugur Haraldsson: Helgistaðir við Hafnarfjörð. Garðaprestakall hið forna. 1. bindi. Bls. 405, 408.

¹⁰ Gísli Sigurðsson: Hús og bæir í Hafnarfirði.

¹¹ Matthías Þórðarson: „Fundin á Hvaleyri bein þriggja manna.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Bls. 57-58.

Hvaleyrartjörn og hét hann West end. Þar var herinn með skotbyrgi og loftvarnarbyssur.¹² Á loftmyndum frá þessum tíma má vel sjá hversu umfangsmikil starfsemi þeirra var á Hvaleyri.

Árið 1967 var golfklúbburinn Keilir stofnaður og sama sumar var golfvöllurinn á Hvaleyri opnaður og hefur starfað allar götur síðan. Íbúðarhúsið í Vesturkoti var gert að klúbbhúsi Golfklúbbsins strax í upphafi og var það til árisins 1992 þegar nýr golfskáli Keilismanna var tekin í notkun. Sama ár var leyfi fengið til að kveikja í klúbbhúsinu í Vesturkoti og slökkvilið Hafnarfjarðar nýtti sér það til æfingar. Í dag er ekkert eftir af þeim húsunum er stóðu í Vesturkoti.

Fornleifaskráning

Hvaleyrarvöllur 2022-1



Séð vestur yfir Kotagötuna.

Gamalt nr: 9-20

Hlutverk: Gata

Tegund: Leið/ Gata

Sérheiti: Kotagata/ Sjávangata

Aldur: 900-1900

Hnit: 354044,399 399017,085

Staðarhættir: Gatan er vel sýnileg á kafla, en horfin að hluta.

Lýsing: Í örnefnalýsingu Gísla Sigurðssonar segir: Heiman frá bæ og norður og niður að sjó lá sjávangatan, sem einnig nefndist Kotagatan.

Gatan er grasi vaxin malargata og er vel sýnileg að hluta en að hluta er hún horfin með öllu.

Minjagildi: Talsvert

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Greinileg

Hvaleyrarvöllur 2022-2

Gamalt nr: 9-21

Hlutverk: Tún

Tegund: Tún

Sérheiti: Samslægnatún

Aldur: 900-1900

Hnit: Ekki hægt að staðsetja.

Staðarhættir: Samslægnatún lá niður með Brunngötunni allt norður að Kotagötu/Sjávangötu.

Lýsing: Samslægnatún var austur af Kirkjutúni og Kirkjutungum, heiman frá bæ og norður eftir. Hjáleigubændur á Hvaleyri nýttu túnið í sameiningu eins og nafnið gefur til kynna.

Minjagildi: Lítið

Hætta: Lítil hætta

Ástand: Horfið

¹² Árni Matthíasson: *Papa Jazz. Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar*. Bls. 24.

Hvaleyrarvöllur 2022-3



Séð austur yfir það svæði sem Vesturkot stóð áður.

Gamalt nr: 9-22

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Sérheiti: Vesturkot/ Drundur/Lásastaðir-

Aldur: 1781-1992

Hnit: 353838,495 399104,447

Staðarhættir: Vesturkot var vestasta hjáleigan á Hvaleyri fyrir norðan Hvaleyrarbæinn. Kotið hefur staðið við endann á Kotagötunni.

Lýsing: Ekkert er eftir af byggingunum sem þarna stóðu og svæðið hefur verið sléttað. Þegar golfvöllurinn var stofnaður á Hvaleyri árið 1967 var húsinu í Vesturkoti breytt í klúbbhús fyrir Golfklúbbinn Keili. Árið 1992 þegar búið var að reisa nýtt klúbbhús var leyfi fengið til að kveikja í klúbbhúsinu í Vesturkoti og slökkvilið Hafnarfjarðar nýtti sér það til æfingar. Í dag er ekkert eftir af þeim húsunum er stóðu í Vesturkoti.

Hvaleyrarhöfðinn var nefndur Drundur og Vesturkot bar einnig nafnið Drundur. Á árunum 1781-1800 var Vesturkot nefnt Lásastaðir eftir hjáleigubóndanum, Nikulási Bárðarsyni en eftir 1810 var það nefnt Vesturkot og hefur það haldist síðan. Síðasti ábúandi kotsins var Sigurður Gíslason, en faðir hans Gísli Jónsson tók við jörðinni árið 1915 og byggði upp. Þegar Gísli fluttist að Vesturkoti árið 1915 var bærinn í mikilli niðurníðslu, hann hóf þegar ræktun á túnunum, byggði gripahús og heyllöðu.

Guðmundur Guðmundsson sem bjó í Vesturkoti og faðir hans fundu hauskúpu og heila beinagrind einnig fannst krítarpípa, greiðugarmur, spónn úr tini og ryðguð hnífbredda. Beinir voru grafin aftur ofar í túninu. Líklega hefur þetta verið rétt fyrir 1900. Guðmundur Guðmundsson, fæddur 25.03.1881, húsasmíðameistari er bjó í Vesturkoti lýsir bænum á eftirfarandi hátt, lýsinguna er að finna í handriti Gísla Sigurðssonar: Hús og bæir í Hafnarfirði. Líf og þjóðhættir í Hafnarfirði frá 14. öld.:

Útveggir bæjarins, milli- og þverveggir og gaflar voru hlaðnir af torfi og grjóti og allar þekjur með torfi.

Bæjardyr voru þröngar og stuttar. Um eitt stafgólfa að lengd.

Eldhúsið. Innst í göngunum var þverveggur og dyr á í eldhúsið, sem mun hafa verið um tvær álnir á hvern veg. Hlóðir stóðu undir austurvegg og strompur á mæni, einnar rúðu gluggi í tóft á gafl. Áreftri á eldhúsi og bæjardyrum.

Baðstofan. Við þvervegginn voru göng í millivegg í baðstofuna, sem var um tveggja stafgólfa löng og fimm álna breið. Fjögurra rúðu gluggi var í djúpri tóft. Skarsúð var á baðstofunni en áreftri á bæjardyrum og eldhúsi. Moldargólf var í bænum öllum upphaflega. Um aldamótin var sett hálfþil á baðstofuna og timburgólf í baðstofuna. Tvö rúm voru í baðstofunni og aftan við annað stóð vefstóllinn.

Útihús, austanvert við bæinn stóð smiðjukofi, sem stundum var notaður til eldiviðargeymslu. Bak við smiðjuna var heytóft eða hlaða lítil. Kindakofi var norðan bæjarins í túninu, því ekki fóðraði túnið kú.

Minjagildi: Talsvert

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Horfið

Hvaleyrarvöllur 2022-4

Gamalt nr: 9-23
Hlutverk: Traðir
Tegund: Heimild
Sérheiti: Vesturkotstraðir
Aldur: 1550-1900
Hnit: Ekki hægt að staðsetja
Staðarhættir: Frá Hvaleyri lágu traðir nefndar eftir þeim kotum sem þær lágu að. Vesturkotstraðir lágu að Vesturkoti.
Lýsing: Ekkert í landinu gefur vísbendu til hvar traðirnar hafa verið.
Minjagildi: Hátt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Horfið

Hvaleyrarvöllur 2022-5

Gamalt nr: 9-24
Hlutverk: Tún
Tegund: Heimild
Sérheiti: Vesturkotstún
Aldur: 1550-1900
Hnit: Ekki hægt að staðsetja
Staðarhættir: Norður frá Hvaleyrarbænum var vestasta hjáleigan, Vesturkot og í kringum það Vesturkotstún.
Minjagildi: Lítið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Sæmilegt

Hvaleyrarvöllur 2022-6

Gamalt nr: 9-25
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Heimild
Sérheiti: Vesturkotstúngarður
Aldur: 1550-1900
Hnit: Ekki hægt að staðsetja
Staðarhættir: Vesturkotstúngarður lá ofan við Vesturkot niður á Hvaleyrarbakka við Þórðarvík, bakkinn var nefndur Fúli.
Lýsing: Þessi túngarður er með öllu horfinn, ekki sést móta fyrir honum í landslaginu.
Minjagildi: Hátt
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Horfið

Hvaleyrarvöllur 2022-7



Flókasteinn.



Séð yfir steinana til suðvesturs.

Gamalt nr: 9-26 / 1780-3509

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Áletrun

Sérheiti: Flókasteinn

Aldur: 900-1900

Hnit: 353747,3407 399136,5799

Friðlýst: Já 15.11.1938.

Friðlýsingarnúmer: 14000201

Staðarhættir: Vestarlega á Hvaleyrinni, rétt vestur af þeim stað er hjáleigan Vesturkot stóð.

Lýsing: Flókasteinn og tveir aðrir flúraðir steinar. Flókasteinn er grágrýtissteinn, hann er um 2,5 m að lengd og breiddin er um 1-2m, hæðin um 0,70 m. Vestan við steininn er upphlaðinn hálfhringlaga grasivaxinn garður sem er um 0,3 m á hæð en lækkar þar sem hann er næst steininum veggjaþykkt garðsins er um 0.3 m.

Rúnaklappir eru grágrýtisklappir. Sérstaklega var einn steinninn mikið markaður. Hann nefndist Flókasteinn. Töldu sumir að Hrafna-Flóki hefði skilið þarna eftir sig nafn sitt. Í *Árbók fornleifafræðifélagsins* er grein sem heitir "Bergristur á Hvaleyri" eftir Sveinbjörn Rafnsson. Segir þar m.a.:

Á Hvaleyrarhöfða sér í jökulsorfnar grágrýtisklappir. Í þessar klappir hafa menn höggvið ýmis teikn og skráði greinarhöfundur og mældi bergristur þessar í júlí 1970. Risturnar hafa verið gerðar í fjórar afmarkaðar klappir eða steina, en klappir eru þarna fleiri þó ekki séu á þeim ristur. Risturnar verða þó ekki greindar til gagns nema á þremur af þessum steinum. Syðsta klöppin er nú ólæsileg og hrakalega útötuð í steinsteypu eftir stríðsumsvif Breta í heimsstyrjöldinni síðustu. Allt í kringum steinana eru steinsteyppt byrgi og byssustæði frá þeim tíma. Steypan í þessi mannvirki hefur verið blönduð og hrærð á syðstu klöppinni, þó má enn greina einstöku höggna rák út undan steypuhúðinni. Elstu ártöl á steinum eru frá 1653. Jónas Hallgrímsson mun hafa verið sá fyrsti sem rannsakaði steinana fornfræðilega í júní 1841. Árni Helgason í Görðum er sá næsti sem getur um Hvaleyrarristurnar í Sóknarlýsingu fyrir Garðaprestakall 1842. Árið 1854 fær Magnús Gíslason styrk til fornfræðiferða um Ísland og skoðar þá steinana. Kristian Kålund getur Hvaleyrar í drögum að staðarlýsingu Íslands, og segir að þar séu á nokkrum klöppum latneskir bókstafir og ártölin 1628 og 1777. Sigurður Skúlason á greinagóða og sígilda lýsingu Hvaleyrar steina í riti sínu *Sögu Hafnarfjarðar* (frá 1933, bls. 27-28) en hann er sá fyrsti sem segir steina með ristunum vera fjóra talsins.

Minjagildi: Hátt

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-8



Séð yfir Minorstein til suðurs.

Gamalt nr: 9-27 / 1780-3508
Hlutverk: Áletrun
Tegund: Kennimark
Sérheiti: Minorsteinn/ Rúnasteinn
Aldur: 900-1900
Hnit: 353738,5515 399142,1575
Friðlýst: Já 15.11.1938.
Friðlýsingarnúmer: 14000201

Staðarhættir: Vestarlega á Hvaleyrinni, rétt vestur af þeim stað er hjáleigan Vesturkot stóð, eru rúnaklappir.

Lýsing: Steininn er grágrýtissteinn rúmlega 2 m langur og breiddin 1- 2 m, og hæðin að sunnan um 0.30 m, en að norðan í sömu hæð og landið í kring.
Þarna er Flókasteinn og annar steinn Minorsteinn, rétt hjá með stöfum og tölum, á honum er ártalið 1777. En það ár var hér Minor sjóliðsforingi norskur og því er steinninn nefndur Minorsteinn.

Í Árbók fornleifafræðifélagsins er grein sem heitir "Bergristur á Hvaleyri" eftir Sveinbjörn Rafnsson. segir þar m.a.:

Á Hvaleyrarhöfða sér í jökulsorfnar grágrýtisklappir. Í þessar klappir hafa menn höggvið ýmis teikn og skráði greinarhöfundur og mældi bergristur þessar hinn 7. júlí 1970. Risturnar hafa verið gerðar í fjórar afmarkaðar klappir eða steina, en klappir eru þarna fleiri þó ekki séu á þeim ristur. Risturnar verða þó ekki greindar til gagns nema á þremur af þessum steinum. Syðsta klöppin er nú ólæsileg og hrakalega útötuð í steinsteypu eftir stríðsumsvif Breti í heimsstyrjöldinni síðustu. Allt í kringum steinana eru steinsteypt byrgi og byssustæði frá þeim tíma. Steypan í þessi mannvirki hefur verið blönduð og hrærð á syðstu klöppinni, þó má enn greina einstöku höggna rák út undan steypuhúðinni. Elstu ártöl á steinum eru frá 1653. Jónas Hallgrímsson mun hafa verið sá fyrsti sem rannsakaði steinana fornfræðilega í júní 1841. Árni Helgason í Görðum er sá næsti sem getur um Hvaleyrarristurnar í Sóknarlýsingu fyrir Garðaprestakall 1842. Árið 1854 fær síðan Magnús Gíslason styrk til fornfræðiferða um Ísland. og skoðar þá steinana. Kristian Kálund getur Hvaleyrar í drögum að staðarlýsingu Íslands, og segir að þar séu á nokkrum klöppum latneskir bókstafir og og ártölin 1628 og 1777. Sigurður Skúlason á greinagóða og sígilda lýsingu Hvaleyrar steina í riti sínu Sögu Hafnarfjarðar (frá 1933, bls. 27-28) en hann er sá fyrsti sem segir steina með ristunum vera fjóra talsins.

Minjagildi: Hátt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-9



Séð yfir þar sem áður stóð Þórðarkot.

Gamalt nr: 9-28
Hlutverk: Híbyli
Tegund: Heimild
Sérheiti: Þórðarkot/ Þórðargerði
Aldur: 1500-1880
Hnit: 353981,027 399150,026
Staðarhættir: Sunnan við Vesturkotstúngarð var Þórðarkot í Þórðarkotstúni

Lýsing: Bæjarstæði Þórðarkots hefur verið sléttað. Þórðarkot hefur haft ýmis nöfn í gengum tíðina, eftir því hver hefur búið þar hverju sinni. Á árunum 1805-1835, hét það Einarskot eftir Einari Andræssyni. Þórðarkot frá því að Þórður Jónsson lóðs flutti þangað árið 1832 og hélst nafnið til 1870. Beinteinskot þegar Beinteinn Stefánsson frá Krýsuvík bjó þar 1870-1880, hann var síðastur ábúenda til að búa í kotinu sem fór í eyði eftir hans dag og túnið lagðist fljótlega eftir það undir Halldórskot.

Minjagildi: Hátt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Horfið



Í rauða hringnum er Þórðarkot/Þórðargerði.

Hvaleyrarvöllur 2022-10



Séð yfir þar sem áður stóð Þórðarkot og Þórðarkotstúngarður.

Gamalt nr: 9-29
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Garðlag
Sérheiti: Þórðargerðistúngarður

Aldur: 1500-1900
Hnit: 354071,829 399053,410

Staðarhættir: Á austurhlið Þórðargerðis var garður, Þórðargerðisgarður. Garðurinn er út frá Kotagötunni í norður og liggur niður að sjó.

Lýsing: Garðurinn er grasivaxinn og liggur í norður-suður. Hann er um 130 m langur og hæð allt að 0.80 m, veggjapýkkt um 1 m. Við norðurenda garðsins er garðbútur sem liggur til austurs um 10 m langur, og annar við suðurendann sem liggur til vesturs og er um 15 m langur. Nokkur rof hafa verið gerð í langhlið garðsins á seinni árum vegna umferðar notenda vallarins um svæðið.

Minjagildi: Hátt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt



Loftmynd frá 1942. Í rauða hringnum er Þórðarkot/Þórðargerði.

Hvaleyrarvöllur 2022-11



Séð yfir þar sem áður stóð Þórðarkot.



Loftmynd frá 1942. Í rauða hringnum er Þórðarkot/Þórðargerði.

Gamalt nr: 9-30

Hlutverk: Tún

Tegund: Heimild

Sérheiti: Þórðargerði/ Beinteinsgerði / Zimsensgerði

Aldur: 1500-1900

Hnit: 353981,027 399150,026

Staðarhættir: Þórðargerði var túnblettur við Þórðarkot.

Lýsing: Þórðarkotstún takmarkaðist af túngörðum sem hlaðnir voru á þrjá vegu, en að norðan náði það niður að Bakkanum og fjörunni. Í Þórðargerði bjó eitt sinn maður að nafni Beinteinn Stefánsson, þá nefndist kotið Beinteinskot og túnbletturinn Beinteinsgerði. Síðar hafði Christian Zimsen verslunarstjóri afnot af gerðinu, á síðasta fjórðung 19. aldar, þá nefndist það Zimsensgerði. Svæðið hefur verið sléttað og ekkert sést af gerðinu lengur.

Minjagildi: Lítið

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Horfið

Hvaleyrarvöllur 2022-12



Loftmynd frá 1942. Í rauða hringnum er Þórðarkot/Þórðargerði.

Gamalt nr: 9-31

Hlutverk: Gata

Tegund: Heimild

Sérheiti: Þórðarstígur

Aldur: 1500-1900

Hnit: Ekki hægt að staðsetja

Staðarhættir: Frá Þórðarkoti lá göngustígur niður í vikið.

Lýsing: Ekki er hægt að staðsetja stígin þar sem ekkert sést af honum lengur. Þegar Þórður Jónsson lóðs bjó í Þórðarkoti, hét lendingin Þórðarlending og Þórðarvör, og lágu um tíma tröppur sem voru höggnaðar í móbergið niður í víkina.

Minjagildi: Mikið

Hætta: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Horfið

Hvaleyrarvöllur 2022-13



Séð yfir þar sem áður var Þórðarvör.

- Gamalt nr:** 9-32
Hlutverk: Uppsátur
Tegund: Heimild
Sérheiti: Þórðarvör
Aldur: 1500-1900
Hnit: 353991,359 399173,432
Staðarhættir: Víkið hét Fúla, Fúlavík og þar var Fúlavör, einnig kallað Þórðarvör, Þórðarlending og Þórðarvík.
Lýsing: Þarna er nú grasivaxið á brúninni og fyrir neðan er búið að hlaða varnargarð, sem nær í kringum Hvaleyrina. Þórður lóðs gerði tröppur hér niður af Fúl og niður í Fúlu þær eru horfnar.
Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir/Landeyðing
Ástand: Horfið

Hvaleyrarvöllur 2022-14



Séð yfir Halldótskotstúngarð og þar sem áður stóð Halldótskot


- Gamalt nr:** 9-33
Hlutverk: Híbýli
Tegund: Heimild
Sérheiti: Halldótskot
Aldur: 1500-1944
Hnit: 354090,036 399012,354

Staðarhættir: Í austur frá Þórðarkot, tekur við Halldótskot í Halldótskotstúni.

Lýsing: Þarna hefur verið sléttað, en sést þó fyrir L-laga garði, túngarði sem hefur verið utanum bæjarstæði Halldótskots.

Bindindi var kot á Hvaleyri með Bindindistúni. Nefndist þessu nafni frá 1778-1821, síðan hét það Jónskot, frá 1810-1843 en síðast Halldótskot frá 1847-1944 eftir Halldóri Jónssyni. Tengdasonur Halldórs, Eyjólfur Eyjólfsson seldi Þorsteini Egilssyni kotið 1883. Síðustu bændur sem byggðu kotið frá 1906-1944 voru Aðalbjörn Bjarnason stýrimaður og Þorgerður Kristín Jónsdóttir kennari, eftir þeirra dag var kotið þurrabúið um tíma þar til það fór í eyði. Aðalbjörn bætti jörðina með ræktun og byggði íbúðarhús úr timbri og steypiti fjós og hlöðu.

Minjagildi: Mikið



Loftmynd frá 1942. Í rauða hringnum er Halldótskot.

Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Horfið

Hvaleyrarvöllur 2022-15



Gamalt nr: 9-34
Hlutverk: Traðir
Tegund: Heimild
Sérheiti: Halldórskotstraðir
Aldur: 1550-1900
Hnit: Ekki hægt að staðsetja
Staðarhættir: Frá Hvaleyrartröðum lágu traðir vestur og norðvestur. Nefndust þær eftir kotunum, traðirnar að Halldórskoti nefndust því Halldórskotstraðir.
Lýsing: Traðirnar eru ekki sýnilegar og því ekki hægt að staðsetja þær.
Minjagildi: Mikið
Hætta: Hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Horfið

Hvaleyrarvöllur 2022-16



Séð yfir garðinn til norðvesturs.

Gamalt nr: 9-35
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Heimild
Sérheiti: Halldórskotstúngarður
Aldur: 1778-1944
Hnit: 354111,293 398988,563



Loftmynd frá 1942. Í rauða hringnum er Halldórskot.

Staðarhættir: Halldórskotstúngarður var á suður- og austurhlið túnsins við Halldórskot.
Lýsing: Túngarðurinn er mjög greinilegur grasivaxinn. Hann er L-laga, annar armurinn sem er í austur-vestur, er um 50 m að lengd, 1 m langt rof er í garðinum um 20 m frá horni hans.

Hinn armurinn frá horni er um 8 m , þá er rof í garðinn um 3 m langt, þá er 16 m af garði. Hleðsluhæð allt að 0,4 m, en mestu lægri, veggþykkt um 1 m. Veggjaþykkt garðsins er mest neðst en garðurinn mjókkar aðeins upp. Halldórskotstúngarður var við suður- og austurhlið túnsins.

Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinilegt

Hvaleyrarvöllur 2022-17



Séð yfir þar sem áður var Jónasarlending

Gamalt nr: 9-55
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild
Sérheiti: Jónasarlending
Aldur: 1500-1900
Hnit: 353699,485 399107,93
Staðarhættir: Suður frá Gatkletti sem einu sinni var, er bás nefndur Jónasarlending. Jónasarlending er niður af suðurenda núverandi golfbrautar nr. 17.
Lýsing: Fjara og klettur, ekkert sem vísar á lendingu, hnit tekið úr fornleifaskrá Katrínar Gunnarsdóttur 2005. Búið er að reisa varnargarð í kringum Hvaleyri og því er landslagið breytt frá því sem áður var. Jónas Jónsson bóndi sem bjó í Tjarnarkoti 1875-1877 og í Sveinskoti 1880-1897, hafði á sumrin þarna uppsátur báts síns.
Minjagildi: Mikið
Hætta: Hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir/landeyðing
Ástand: Horfið

Hvaleyrarvöllur 2022-18



Séð norðaustur yfir hrúguna/hólinn.

Gamalt nr: 9-58
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hrúga/hóll
Aldur: 1500-1945
Hnit: 353765,664 399155,115
Staðarhættir: Hrúga þessi er rétt norður af friðuðum fornminjum á Hvaleyrarhöfðanum.
Lýsing: Í fornleifaskrá Katrínar Gunnarsdóttur af svæðinu frá árinu 2005 er hrúgunni lýst á eftirfarnandi hátt: „Þarna er löguleg hrúga sem er um 13 m breið og 10-15 m löng, hæðin

á hrúgunni er um 130 cm og í henni sést grjótt og staur sem standa upp úr. Ekki er vitað hvað þarna hefur verið en þetta lítur út eins og þarna hafi verið ýtt einhverri byggingu í hrúgu.“ Ekki sést lengur staur eða grjótt sem stendur upp úr hrúgunni. Gæti þetta verið minjar frá stríðsárunum, en þó gæti þetta verið eldra.

Athugasemdir: Hrúgan sést vel á loftmyndum, hún er enn greinilegri á eldri loftmyndum t.d frá árinu 1969.

Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Illgreinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-19



Horft yfir garðinn og Kotagötuna til vesturs.

Gamalt nr: 9-64
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Garður
Aldur: 1500-1900
Hnit: 353991,395 399028,57
Staðarhættir: Garður þessi liggur suðvestan við Kotgötuna þar sem hún liggur að bæjarstæði hins horfna Vesturkots.
Lýsing: Garðurinn er grasivaxinn, um 2 m breiður neðst en mjókkar upp og er þar um 1 m á breidd. Hleðsluhæðin er um 0,6 m
Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-20



Horft yfir tóftina til austurs.

Gamalt nr: 9-69 / 1780-3510
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Aldur: 1500-1945
Hnit: 353729,1773 399128,2187
Staðarhættir: Tóftin er á vestanverðum Hvaleyrarhöfða, vestur af friðlýstum rúnasteinum/klöppum.
Lýsing: Úr fornleifaskrá Katrínar Gunnarsdóttur frá árinu 2005 segir: „Upphlaðið úr grjóti, ytri hleðslur eru grasivaxnar, en sést í innri hleðslur byrgisins. Stærð byrgisins er um 7 m x 8 m, veggjahæð að innan um 1,2 m en ytribrúnnin um 0,6 m á hæð, veggjaþykkt er um 1-2

m.“ Katrín telur að þetta sé skotbyrgi frá stríðsárunum en í athugun Ragnheiðar Traustadóttur frá árinu 2016 (sjá Minjavefsjá Minjastofnunnar Íslands) telur hún þetta vera útihús. Líklega er þetta eldra en frá stríðsárunum en gæti hafa verið endurnýtt í stríðinu.

Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-21



Séð yfir fallbyssustæðið til suð-vesturs.

Gamalt nr: 9-71
Hlutverk: Fallbyssustæði
Tegund: Steinsteypa
Aldur: 1939-1945
Hnit: 353734,181 399156,688
Staðarhættir: Fallbyssustæði þetta er skammt norðvestan við Minorstein vestast á Hvaleyrinni.
Lýsing: Fallbyssustæðið samanstendur af þremur steinsteypum plötum sem liggja í boga í landinu. Plöturnar hafa hugsanlega verið fjórar í upphafi.
Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-22



Séð yfir skotbyrgið til norðurs.

Gamalt nr: 9-72
Hlutverk: Skotbyrgi
Tegund: Niðurgröftur
Aldur: 1939-1945
Hnit: 353732,997 399139,485
Staðarhættir: Norðvestast á Hvaleyri rétt hjá friðuðum fornleifum. Skotbyrgin eru þrjú eins, þetta er vestasta skotbyrgið.
Lýsing: Veggir skýlisins eru upphlaðnir og steypdir, yfir er braggapak að hluta, sá hluti er um 3 m x 2 m, að honum er smá gangur sem er um 1m breiður og 3 m langur, og veggjahæð um 1.20 m, þar er inngangur í skýlið. Það er að mestu niðurgrafið, sést aðeins í braggapakið sem stendur uppúr jörðinni ásamt efsta hluta veggjanna. Á þessu svæði eru þrjú næstum eins skotbyrgi. Skotbyrgin voru reist mjög nálægt friðuðum fornminjum á Hvaleyrarhöfðanum.

Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-23



Séð yfir skotbyrgið til norðurs.

Gamalt nr: 9-72
Hlutverk: Skotbyrgi
Tegund: Niðurgröftur
Aldur: 1939-1945
Hnit: 353746,532 399128,106
Staðarhættir: Norðvestast á Hvaleyri rétt hjá friðuðum fornleifum. Skotbyrgin eru þrjú eins, þetta skotbyrgi er í miðjunni.
Lýsing: Veggir skýlisins eru upphlaðnir og steyptir, yfir er braggapak að hluta, sá hluti er um 3 m x 2 m, að honum er smá gangur sem er um 1m breiður og 3 m langur, og veggjahæð um 1.20 m, þar er inngangur í skýlið. Það er að mestu niðurgrafið, sést aðeins í braggapakið sem stendur uppúr jörðinni ásamt efsta hluta veggjanna. Á þessu svæði eru þrjú næstum eins skotbyrgi. Skotbyrgin voru reist mjög nálægt friðuðum fornminjum á Hvaleyrarhöfðanum.
Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-24



Séð yfir skotbyrgið til vesturs.

Gamalt nr: 9-72
Hlutverk: Skotbyrgi
Tegund: Niðurgröftur
Aldur: 1939-1945
Hnit: 353762,34 399125,793
Staðarhættir: Norðvestast á Hvaleyri rétt hjá friðuðum fornleifum. Skotbyrgin eru þrjú eins, þetta er austasta skotbyrgið.
Lýsing: Veggir skýlisins eru upphlaðnir og steyptir, yfir er braggapak að hluta, sá hluti er um 3 m x 2 m, að honum er smá gangur sem er um 1m breiður og 3 m langur, og veggjahæð um 1.20 m, þar er inngangur í skýlið. Það er að mestu niðurgrafið, sést aðeins í braggapakið sem stendur uppúr jörðinni ásamt efsta hluta veggjanna. Á þessu svæði eru þrjú næstum eins skotbyrgi. Skotbyrgin voru reist mjög nálægt friðuðum fornminjum á

Minjagildi: Hvaleyrarhöfðanum.
Hætta: Mikið
Hættuorsök: Mikil hætta
Ástand: Framkvæmdir
Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-25



Séð yfir þann stað er skotbyrgið stóð.

Gamalt nr: 9-73
Hlutverk: Skotbyrgi
Tegund: Niðurgröftur
Aldur: 1939-1945
Hnit: 353699,485 399107,93
Staðarhættir: Upp af þeim stað sem heitir Jónasarlending, syðst á Hvaleyrarhöfða. Byrgið hefur verið á syllu sem hefur hrunið nokkuð úr.
Lýsing: Byrgið er horfið með öllu. Í skýrslu Katrínar Gunnarsdóttur frá árinu 2005 segir: Byrgið er horfið, en það sést í einstaka steina úr byrginu á syllunni.
Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-26



Séð yfir skotgröfina.

Gamalt nr: 9-74
Hlutverk: Skotbyrgi
Tegund: Niðurgröftur
Aldur: 1939-1945
Hnit: 353712,078 399016,445
Staðarhættir: Skotbyrgið er sunnanmegin á Hvaleyrinni niður við fjörukambinn.
Lýsing: Veggirnir skotbyrgisins eru hlaðnir og steinsteypa á milli í hleðslunni. Skotbyrgið er niðurgrafið, en er í sömu hæð og landið í kring. Innveggir eru upphlaðnir, það er L-laga, lengri hluti þess er um 10 m langur og 1 m breiður, hleðsluhæð um 0.60 m, styttri armurinn er um 6 m langur, og 1 m breiður, hleðsluhæð um 0,80 m
Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-27



Séð yfir skotgröfina.

- Hlutverk:** Skotbyrgi
Tegund: Niðurgröftur
Aldur: 1939-1945
Hnit: 353758,91 398968,048
Staðarhættir: Skotbyrgið er sunnanmegin á Hvaleyrinni niður við fjörukambinn.
Lýsing: Veggirnir skotbyrgisins eru hlaðnir og steinsteypa á milli í hleðslunni. Skotbyrgið er niðurgrafið, en veggirnir er í sömu hæð og landið í kring. Innveggir eru upphlaðnir, það er L-laga.
Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hættu
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-28



Séð yfir rústina til suð-vesturs.

- Gamalt nr.:** 9-26 og 1780-3513
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Aldur: 1500-1945
Hnit: 353751,0142 399138,2543
Staðarhættir: Við Flókastein.
Lýsing: Við Flókasteini er upphlaðinn hálfhringlaga grasivaxinn garður sem er um 0,2 m á hæð en lækkar þar sem hann er næst steininum veggjaþykkt garðsins er um 1,3 m.
Minjagildi: Mikið
Hætta: Mikil hættu
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-29



Séð yfir steinana til suðvesturs.

Gamalt nr: 9-26 / 1780-3507,

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Áletrun

Aldur: 900-1900

Hnit: 353734,9580 399140,3786

Friðlýst: Já 15.11.1938.

Friðlýsingarnúmer: 14000201

Staðarhættir: Vestarlega á Hvaleyrinni, rétt vestur af þeim stað er hjáleigan Vesturkot stóð.

Lýsing: Hjá Flókasteini og Minorsteini eru tveir aðrir flúraðir steinar.

Í *Árbók fornleifafræðifélagsins* er grein sem heitir "Bergristur á Hvaleyri" eftir Sveinbjörn Rafnsson. Segir þar m.a.:

Á Hvaleyrarhöfða sér í jökulsorfnar grágrýtisklappir. Í þessar klappir hafa menn höggvið ýmis teikn og skráði greinarhöfundur og mældi bergristur þessar í júlí 1970. Risturnar hafa verið gerðar í fjórar afmarkaðar klappir eða steina, en klappir eru þarna fleiri þó ekki séu á þeim ristur. Risturnar verða þó ekki greindar til gagns nema á þremur af þessum steinum. Syðsta klöppin er nú ólæsileg og hrakalega útötuð í steinsteypu eftir stríðsumsvif Breta í heimsstyrjöldinni síðustu. Allt í kringum steinana eru steinsteypu byrgi og byssustæði frá þeim tíma. Steypan í þessi mannvirki hefur verið blönduð og hrærð á syðstu klöppinni, þó má enn greina einstöku höggna rák út undan steypuhúðinni. Elstu ártöl á steinum eru frá 1653. Jónas Hallgrímsson mun hafa verið sá fyrsti sem rannsakaði steinana fornfræðilega í júní 1841. Árni Helgason í Görðum er sá næsti sem getur um Hvaleyrarristurnar í Sóknarlýsingu fyrir Garðaprestakall 1842. Árið 1854 fær Magnús Gíslason styrk til fornfræðiferða um Ísland og skoðar þá steinana. Kristian Kálund getur Hvaleyrar í drögum að staðarlýsingu Íslands, og segir að þar séu á nokkrum klöppum latneskir bókstafir og ártölin 1628 og 1777. Sigurður Skúlason á greinagóða og sígilda lýsingu Hvaleyrar steina í riti sínu *Sögu Hafnarfjarðar* (frá 1933, bls. 27-28) en hann er sá fyrsti sem segir steina með ristunum vera fjóra talsins.

Minjagildi: Hátt

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Vel greinanlegt

Hvaleyrarvöllur 2022-30



Séð yfir steinana til suðvesturs.

Gamalt nr: 9-26 / 1780-3506,
Hlutverk: Kennimark
Tegund: Áletrun
Sérheiti: Flókasteinn
Aldur: 900-1900
Hnit: 353737,9458 399134,1106
Friðlýst: Já 15.11.1938.
Friðlýsingarnúmer: 14000201

Staðarhættir: Vestarlega á Hvaleyrinni, rétt vestur af þeim stað er hjáleigan Vesturkot stóð.

Lýsing: Hjá Flókasteini og Minorsteini eru tveir aðrir flúraðir steinar. Á þessum steini hafa Bretar blandað og hrært steypu í síðari heimstyrjöldinni. Klöppin er öll út ötuð í steypu og því eru risturnar á henni ekki læsilegar. Allt í kring eru minjar frá stríðinu, skotbyrgi og fallbyssustæði.

Í *Árbók fornleifafræðifélagsins* er grein sem heitir "Bergristur á Hvaleyri" eftir Sveinbjörn Rafnsson. Segir þar m.a.:

Rúnaklappir eru grágrýtisklappir. Sérstaklega var einn steinninn mikið markaður. Hann nefndist Flókasteinn. Töldu sumir að Hrafna-Flóki hefði skilið þarna eftir sig nafn sitt. Í *Árbók fornleifafræðifélagsins* er grein sem heitir "Bergristur á Hvaleyri" eftir Sveinbjörn Rafnsson. Segir þar m.a.:

Á Hvaleyrarhöfða sér í jökulsorfnar grágrýtisklappir. Í þessar klappir hafa menn höggvið ýmis teikn og skráði greinarhöfundur og mældi bergristur þessar í júlí 1970. Risturnar hafa verið gerðar í fjórar afmarkaðar klappir eða steina, en klappir eru þarna fleiri þó ekki séu á þeim ristur. Risturnar verða þó ekki greindar til gagns nema á þremur af þessum steinum. Syðsta klöppin er nú ólæsileg og hrakalega útötuð í steinsteypu eftir stríðsumsvif Breta í heimsstyrjöldinni síðustu. Allt í kringum steinana eru steinsteypu byrgi og byssustæði frá þeim tíma. Steypan í þessi mannvirki hefur verið blönduð og hrærð á syðstu klöppinni, þó má enn greina einstöku höggna rák út undan steypuhúðinni. Elstu ártöl á steinum eru frá 1653. Jónas Hallgrímsson mun hafa verið sá fyrsti sem rannsakaði steinana fornfræðilega í júní 1841. Árni Helgason í Görðum er sá næsti sem getur um Hvaleyrarristurnar í Söknarlýsingu fyrir Garðaprestakall 1842. Árið 1854 fær Magnús Gíslason styrk til fornfræðiferða um Ísland og skoðar þá steinana. Kristian Kálund getur Hvaleyrar í drögum að staðarlýsingu Íslands, og segir að þar séu á nokkrum klöppum latneskir bókstafir og ártölin 1628 og 1777. Sigurður Skúlason á greinagóða og sígilda lýsingu Hvaleyrar steina í riti sínu Sögu Hafnarfjarðar (frá 1933, bls. 27-28) en hann er sá fyrsti sem segir steina með ristunum vera fjóra talsins.


Minjagildi: Hátt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Ástand: Vel greinanlegt

Niðurstöður

Að beiðni Umhverfis og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar var farið í endurskráningu á vestasta hluta Hvaleyrar vegna umsóknar Golfklúbbsins Keilis um framkvæmdaleyfi á svæðinu. Fornleifaskráning hefur áður verið gerð fyrir svæðið Katrín Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness Hafnarfirði* árið 2005. Í þessari skrá er aðallega verið að uppfæra skrá Katrínar frá árinu 2005. Á svæðinu voru skráðar 28 minjar, sjö þessara minja teljast ekki til fornleifa en eru minjar frá stríðsárunum sem Hafnarfjarðarbær hefur ákveðið að varðveita og standa vörð um og því eru þær taldar með í þessari skýrslu. Svæðið var gengið og minjarnar mældar upp og myndaðar. Ekki reyndist unnt að mæla upp sjö minjar sökum þess að þær eru með öllu horfnar, þrjár þeirra minjar halda hnitum sem Katrín Gunnarsdóttir gaf þeim í skýrslunni 2005 fjórar voru staðsettar út frá gömlum loftmyndum. Aðrar fimm minjar voru ekki staðsettar í skýrslu Katrínar vegna að þær voru þá þegar horfnar og ekki var unnt að staðsetja þær, þær eru því áfram óstaðsettar í þessari skýrslu. Aðeins bættist við ein skráning sem ekki er í fornleifaskránni frá 2005, skotbyrgi frá stríðsárunum 2022-27.


Mikilvægt er að taka tillit til allra þessara minja þegar fara á í framkvæmdir. Mikið rót hefur átt sér stað á svæðinu undanfarin ár og landslagið mikið breytt. Verður að gæta vel að þeim minjum sem eftir standa á svæðinu og vera vakandi yfir þeirri staðreynda að þó svo að búið sé að slétta svæði þá geta minjar leynst undir sverðinum, jafnvel mjög grunnt. Sérstakt tillit verður einnig að taka til friðlýstra fornleifa og 100 metra friðhelgi þeirra. Á Hvaleyri stóð kirkja frá fornu fari og kirkjugarður, ekki er vitað um nákvæma staðsetningu hans og hafa fundist beinagrindur á þessu svæði. Kolagröf fannst við framkvæmdir á svæðinu árið 2005 og er ekki ólíklegt að þær séu fleiri á svæðinu. Samkvæmt niðurstöðum Bjarna F. Einarssonar mætti ætla að kolagröfin hafi staðið nálægt bæ og því gæti landnámsbær verið einhverstaðar á svæðinu. Allar framkvæmdir á svæðinu ættu því að vera undir eftirliti fornleifafræðings.

Kort af fornleifum



Skýringar:
 Mörk svæðis Friðlýstar minjar Friðaðar fornleifar Stríðsminjar

Kort af fornleifum á svæðinu ásamt fyrirhugðu framkvæmdasvæði.



Skýringar:
 Mörk svæðis Friðlýstar minjar Friðaðar fornleifar Stríðsminjar

Punktaskrá

2022-1	354044,399	399017,085
2022-3	353838,495	399104,447
2022-7	353747,3407	399136,5799
2022-8	353738,5515	399142,1575
2022-9	353981,027	399150,026
2022-10	354071,829	399053,41
2022-11	353981,027	399150,026
2022-13	353991,359	399173,432
2022-14	354090,036	399012,354
2022-16	354111,293	398988,563
2022-17	353699,485	399107,93
2022-18	353765,664	399155,115
2022-19	353991,395	399028,57
2022-20	353729,1773	399128,2187
2022-21	353734,181	399156,688
2022-22	353732,997	399139,485
2022-23	353746,532	399128,106
2022-24	353762,34	399125,793
2022-25	353699,485	399107,93
2022-26	353712,078	399016,445
2022-27	353758,91	398968,048
2022-28	353751,0142	399138,2543
2022-29	353737, 9580	399134, 3786
2022-30	353737,9458	399134,1106

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók III*. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Árni Matthíasson: *Papa Jazz*. Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar. Reykjavík 2009.

Ásgeir Guðmundsson: *Saga Hafnarfjarðar*. 3. bindi. Hafnarfjörður 1984.

Bjarni F. Einarsson: Hvaleyri. Fornleifar nr. 9:20 og 9:64 á Hvaleyri í Hafnarfirði. Skýrsla um fornleifarannsókn á kolagröf, túngarði og götu í desember 2005. Reykjavík 2006.

Gísli Sigurðsson: „Örnefni Hvaleyri.“ Örnefnastofnun.

Gunnlaugur Haraldsson: Helgistaðir við Hafnarfjörð. Garðaprestakall hið forna. 1. Bindi. 2014.

Hauksbók Landnámu.

Íslenskt Fornbréfastafn þriðja bindi. Diplomatarium Islandicum. Kaupmannahöfn 1896.

Íslenskt Fornbréfastafn fjórða bindi. Diplomatarium Islandicum. Kaupmannahöfn 1897.

J. Johnson. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.

Katrín Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness Hafnarfirði*. Byggðasafn Hafnarfjarðar. 2005.

Matthías Þórðarson: „Fundin á Hvaleyri bein þriggja manna.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Bls. 57-58.

Sigurður Skúlason: *Saga Hafnarfjarðar*. Reykjavík 1933.

Sveinbjörn Rafnsson. "Bergristur á Hvaleyri." *Árbók hins Íslenska fornleifafélags* 1974. Reykjavík 1975. Bls. 75-93.

Aðrar heimildir

Handrit

Gísli Sigurðsson: Hús og bæir í Hafnarfirði. Líf og þjóðhættir í Hafnarfirði frá 14. öld. Handrit varðveitt í Bókasafni Hafnarfjarðar.

Hildur Gestsdóttir og Sædis Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í Hafnarfirði I*. Fornleifastofnun Íslands FS065-98-12, Reykjavík 1998.

Jónatan Garðarsson: *Uppdráttur af Hvaleyri*.

Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).

